

---

*Vinum saman*  
*-tengsl leik- og grunnskóla-*

---

*Handbók fyrir leik- og grunnskólakennara*



*Erna Dögg Sigurjónsdóttir*

*Lilja Gréta Kr. Norðdahl*

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Lög og aðalnámskrár .....	4
Hvers vegna að vinna að tengslum skólastiganna? .....	5
Að byrja samstarf .....	5
Fyrstu skrefin.....	7
Tilgangur verkefna .....	8
Hlutverk kennarans.....	8
Yfirlit verkþátta í samstarfi leik- og grunnskóla .....	10
Lýsing á verkþáttum samvinnu í hverjum mánuði .....	12
Ágúst .....	12
September.....	13
Október.....	14
Nóvember .....	16
Desember.....	17
Janúar .....	21
Febrúar .....	22
Mars.....	23
Apríl .....	25
Maí .....	26
Samantekt .....	27
Heimildir .....	28

## **Inngangur**

Þessi handbók er hluti af B.Ed.-ritgerð okkar í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands. Hugmyndin að handbókinni spratt upp frá námskeiðinu á *mótum leik- og grunnskóla* sem við sátum á lokaári okkar. Markmiðið með handbókinni er að útbúa hugmyndabanka fyrir leik- og grunnskólakennara um hvernig vinna megi að tengslum skólastiganna. Handbókin er auðveld í notkun og byggist á mánaðarlegum verkefnum og/eða heimsóknnum með það í huga að vinna að tengslum skólastiganna. Með þessum hætti kynnast leikskólabörnin nýjum félögum og nýja skólaumhverfinu áður en þau fara í fyrsta bekk. Þessa vinnu geta kennarar svo þróað áfram með tímanum. Með hverju ári sem líður, fellur samstarfið inn í dagleg verkefni og tímaleysi heyrir sögunni til.

## Lög og aðalnámskrár

Í lögum um leik- og grunnskóla er kveðið á um tengsl og samstarf milli skólastiganna. Í aðalnámskrám leik- og grunnskóla er einnig kveðið á um þessi tengsl og er áhersla lögð á mikilvægi þess að skólastigin myndi góð tengsl sín á milli til þess að flutningur barna úr leikskóla yfir í grunnskóla verði sem farsælastur. Lagt er til að leikskólakennarar sem hafa umsjón með elstu börnum leikskóla og grunnskólakennarar sem kenna fyrsta bekk þekki vel til starfa hvors annars, ræði saman og skiptist á skoðunum.



## Hvers vegna að vinna að tengslum skólastiganna?

Að byrja í skóla felur í sér miklar breytingar fyrir börn. Við flutninginn fara börnin úr vernduðu umhverfi leikskólans yfir í flókið umhverfi grunnskólans, börnin þurfa að aðlagast nýjum félagahópi og aðrar kröfur eru gerðar til þeirra. Sé vel að þessum breytingum staðið geta þær verið örvandi og þroskandi fyrir börn en séu þær of snöggar geta þær hins vegar haft alvarlegar afleiðingar. Með því að vinna að tengslum og samstarfi milli skólastiganna geta kennarar á leik- og grunnskólastigi hjálpað börnunum að aðlagast þessum breytingum og auðveldað þeim þannig flutninginn.



## Að byrja samstarf

Það fyrsta sem áhugasamur leik- og grunnskólakennari um samstarf skólastiganna þarf að gera er að setja sig í samband við kennara frá hinu skólastiginu. Talið er best að leita uppi þann leik- eða grunnskóla sem er í sama hverfi og styrkja þannig samstarfið innan hverfisins.

Til þess að samstarf geti hafist þurfa kennarar beggja skólastiga að ákveða fyrirkomulag samstarfsins. Handbókin getur verið hugmyndabanki og jafnframt stuðningur fyrir leik- og grunnskólakennara í starfi en einnig má fylgja henni eftir í öllum þáttum. Höfundar telja að allir þeir þættir sem koma fram í handbókinni skipti máli fyrir börnin og gefi þeim fjölbreytta sýn á grunnskólastarfið áður en þau þurfa að takast á við hið raunverulega líf í grunnskólanum.

Jafnframt er talið mikilvægt að einhver sé gerður ábyrgur fyrir því að halda samstarfinu gangandi og telja höfundar best að ábyrgðin liggi hjá þeim leikskólakennurum sem hafa umsjón með elstu börnum leikskólans og grunnskólakennurum fyrsta bekkjar.




## Fyrstu skrefin

Það fyrsta sem þessir kennarar/ábyrgðaraðilar þurfa að gera er hittast áður en grunnskólinn byrjar og skrá niður í dagbókina sína hvaða dag hvert verkefni á að fara fram og hvenær heimsóknir eigi að vera. Mikilvægt er fyrir leik- og grunnskólakennara að hafa í huga þegar þeir skipuleggja samstarfið að gera ráð fyrir því að taka frá tíma í undirbúningi sínum og eyrnamerkja hann í heimsóknina sem kennararnir eiga eftir að fara í.

## Tilgangur verkefna

Tilgangur verkefnanna er að vinna að tengslum skólastiganna og koma á reglulegum heimsóknnum milli leik- og grunnskólabarna. Markmiðið með heimsóknunum er að börnin kynnist þannig að vinskapur geti myndast svo leikskólabörnin þekki einhvern í grunnskólanum þegar þau byrja þar. Með reglulegum heimsóknnum læra leikskólabörnin einnig á umhverfi grunnskólans og kynnst því starfsfólki sem þar er. Leik- og grunnskólabörnin vinna saman að verkefnum og efla með sér samvinnu og samkennd. Með þessum verkefnum myndast kunnugleiki við næsta skólastig og börnin finna fyrir öryggi.





## Hlutverk kennarans

Kennarar beggja skólastiga þurfa að vera í góðu samstarfi og þurfa að vera vel undirbúnir fyrir öll verkefni og heimsóknir. Eftir hvern þátt sem leik- og grunnskólabörnin hafa farið í gegnum er gagnlegt að kennarar skrifi niður hvað fór vel og hvað mætti betur fara til þess að nýta til ígrundunar fyrir matsfundi sem haldnir eru tvisvar á tímabilinu.



## **Yfirlit verkþátta í samstarfi leik- og grunnskóla**

### **Ágúst**

- Samráðsfundur leik- og grunnskólakennara.

### **September**

- Heimsókn leikskólabarna í grunnskólann.

### **Október**

- Fræðslufundur leikskólabarna um grunnskólann.
- Fræðslufundur grunnskólabarna um grunnskólann.
- Heimsókn leikskólabarna í grunnskólann.

### **Nóvember**

- Heimsókn leikskólabarna í íþróttahús grunnskólans.
- Heimsókn grunnskólakennara í leikskólann.

### **Desember**

- Sameiginlegt jólaföndur leik- og grunnskólabarna í leikskólanum.
- Leikskólabörn baka fyrir grunnskólabörnin.
- Grunnskólabörnum boðið á jólaball í leikskólanum.
- Leikskólabörnum boðið á jólaleiksýningu í grunnskólanum.

### **Janúar**

- Heimsókn leikskólabarna á bókasafn grunnskólans.
- Matsfundur leik- og grunnskólakennara á samstarfi.

### **Febrúar**

- Heimsókn leikskólakennara í grunnskólann.

### **Mars**

- Kynning fyrir foreldra á grunnskólanum.
- Heimsókn grunnskólabarna í leikskólann.
- Samráðsfundur leik- og grunnskólakennara fyrir vorskólann.

### **Apríl**

- Vorskóli.

### **Mái**

- Heimsókn leikskólabarna í skóladagvistun.
- Skilafundur einstakra barna.
- Matsfundur leik- og grunnskólakennara á samstarfi.

## Lýsing á verkþáttum samvinnu í hverjum mánuði

### Ágúst

#### - Samráðsfundur:

Ábyrgðaraðilar samstarfs leik- og grunnskóla halda fund til að fara yfir fyrirkomulag samstarfsins, markmið, áherslur og verkefni sem á að framkvæma. Fundinn sitja leik- og grunnskólakennarar, stjórnendur beggja skólanna og jafnvel sérkennarar.

Mikilvægt er að skrá niður allar dagsetningar í dagbók leik- og grunnskólakennara og öll þau verkefni sem framkvæma á yfir veturinn. Á fundinum þarf einnig að ákveða hver á að taka ábyrgð á því hvað er framkvæmt hverju sinni.

## September

### - Heimsókn í grunnskólann:

Leikskólabörn heimsækja grunnskólann og fara í leiki með grunnskólabörnunum. Barnahópnum er blandað saman og svo skipt niður í litla hópa. Gott er að fá kennara sérgreina með svo unnt sé hægt að skipta börnunum niður á fleiri svæði. Gera þarf ráð fyrir því að börnin séu á hverjum stað að lágmarki í tuttugu mínútur áður en þau fara á næstu stöð.

- Hópur 1: Fer í íþróttasalinn í leiki.
- Hópur 2: Fer á skólalóðina í leiki.
- Hópur 3: Fer í skólastofuna í spil/kubba.

Áður en að þessi heimsókn fer fram þarf að liggja fyrir hvaða leiki á að fara í á skólalóðinni og í íþróttasalnum. Einnig hvaða spil/kubbar eru til í grunnskólanum sem börnin geta fengið aðgang að. Unnt er að fjölga í hópum ef fleiri kennarar sérgreina koma að þessari heimsókn.



## **Október**

### **- Fræðslufundur leikskólabarna:**

Leikskólabörnin halda fræðslufund þar sem leikskólakennarinn veltir upp þeirri spurningu hvað leikskólabörnin vita um grunnskólann og hvað þau vilji vita. Allar upplýsingar eru skráðar niður og sendar með tölvupósti til grunnskólakennara fyrsta bekkjar.

### **- Fræðslufundur grunnskólabarna**

Grunnskólabörnin halda fræðslufund með kennaranum sínum og velta fyrir sér hvað sé mikilvægast að sýna nýjum nemendum, hvað þurfa nýir nemendur að vita og hvað þau hefðu viljað vita áður en þau byrjuðu í skólanum.

### **- Verkefni grunnskólabarna:**

Út frá þeim upplýsingum sem leikskólabörnin vildu fá að vita og hvað grunnskólabörnunum fannst merkilegt að sýna nýjum nemendum þurfa grunnskólabörnin að kynna sér nánar grunnskólastarfið og starfsfólk með því

að taka viðtöl við þá aðila sem þeim finnst mikilvægt að kynna fyrir leikskólabörnum.

Grunnskólabörnin útbúa svo kynningu fyrir leikskólabörnin. Fyrstu bekkingarnir skipta með sér verkefnum og sjá um að kynna ákveðið svæði eða ákveðinn starfsmann.

- **Heimsókn leikskólabarna í grunnskólann:**

Leikskólabörnin heimsækja grunnskólann þar sem skólastjórinn tekur á móti þeim og sýnir þeim skólann, auk þess fá þau kynningu frá grunnskólabörnunum.

Leikskólabörnin vinna svo áfram með þær upplýsingar sem þau fengu í skólanum með því til dæmis að:

- Teikna sig í grunnskólanum.
- Teikna það sem var áhugaverðast í heimsókninni.
- Ræða um það hvað þau vita núna um grunnskólann.

## **Nóvember**

- **Heimsókn leikskólabarna í íþróttahús grunnskólans:**

Leikskólabörnin heimsækja íþróttahúsið og taka þátt í leikfimi með grunnskólabörnunum. Leikskólabörnin þurfa að hafa með sér íþróttaföt eða þægilegan klæðnað fyrir íþróttirnar.

- **Kennaraheimsókn í leikskólann:**

Grunnskólakennarar heimsækja leikskólann þar sem þeir fylgjast með og taka þátt í því starfi sem fram fer í leikskólanum.

Það getur verið misjafnt hvað grunnskólakennarar hafa tækifæri á að stoppa lengi og fylgjast með starfinu en grunnskólakennarinn þarf að reyna að gefa sér góðan tíma til að ná sem bestum skilningi á hvernig skólastarfið fer fram í leikskólanum.



## **Desember**

### **- Sameiginlegt jólaföndur:**

Grunnskólabörnum er boðið í föndur á leikskólanum. Börnin vinna saman jólaskraut sem þau hengja upp í skólastofunni í grunnskólanum eða á deildinni í leikskólanum.

### **- Grunnskólabörnum boðið á jólaball hjá leikskólabörnum:**

Leikskólabörnin baka fyrir jólaballið og bjóða grunnskólabörnunum að koma. Börn beggja skólastiga halda sameiginlega jólaskemmtun þar sem grunnskólabörnunum er boðið að koma í leikskólann til að dansa í kringum jólatréð og þiggja veitingar á eftir sem leikskólabörnin hafa bakað fyrir vini sína í grunnskólanum.

### **- Sameiginleg jólaskemmtun:**

Leikskólabörnum er boðið á jólasýningu í grunnskólanum.

## Hugmynd að jólaföndri

### Jólatré:

Hvað þarf til:


- Snið af jólatré
- Grænan pappír 120 gr (í tréð)
- Gulan/gylltan pappír stífan (fyrir stjörnu)  
Kreppappír í ýmsum litum
- Glimmer
- Lím
- Skæri
- Snærisspotta

Aðferð: Börnin teikna eftir sniðinu tvö mót og klippa út.  
Skreyta tréð að vild með glimmeri og kreppappírskúlum.

Tréð sett saman og sett á borð eða spotti settur í það og tréð hengt upp.


Börnin geta líka teiknað jólatré fríhendis og klippt út, en passa þarf upp á að þau geri tvö mót og reyni að láta mótin vera í sömu hæð. Pappírinn í trénu og stjörnunni má líka vera hvítur ef börnin vilja lita/mála sjálf tréð og stjörnuna.

## Snið af tré



### Bakstur:

<p><b>Piparkökur</b></p> <p>500 g hveiti</p> <p>250 g sykur</p> <p>180 g smjörlíki</p> <p>4 tsk. kanill</p> <p>2 tsk. negull</p> <p>2 tsk. engifer</p> <p>2 tsk. natron</p> <p>1 tsk. pipar</p> <p>8 msk. síróp</p> <p>8 msk. mjólk</p>	<p><b>Aðferð:</b></p> <p>Allt hráefni sett saman í skál og hnoðað saman.</p> <p>Deiginu er rúllað upp í sívalninga og skorið niður í litla bita.</p> <p>Bakist: 200°C í 15–20 mín.</p>
---	--



## Janúar


### - Heimsókn á bókasafn:

Leikskólabörn heimsækja bókasafn grunnskólans þar sem umsjónarmaður bókasafnsins tekur á móti börnunum og sýnir þeim aðstæður. Umsjónarmaður bókasafnsins les sögu fyrir börnin og börnin teikna mynd út frá sögunni.

### - Matsfundur:

Leik- og grunnskólakennarar hittast til að meta það samstarf sem skapast hefur. Mikilvægt er að kennararnir skrái hvernig gengur svo starfið nái að þróast og haldi áfram að vera jákvætt og gott.

Fyrir matsfundinn kemur sér vel að hafa skráð ítarlega niður hvað hefur gengið vel og hvað mætti betur fara svo endurmatið gagnist sem best.




## Febrúar

### - Leikskólakennarar heimsækja grunnskólann:

Leikskólakennarar heimsækja grunnskólann þar sem þeir fylgjast með og taka þátt í því starfi sem fram fer í grunnskólanum.

Það getur verið misjafnt hvað leikskólakennarar hafa tækifæri á því að stoppa lengi og fylgjast með starfinu en þeir þurfa að reyna að gefa sér góðan tíma til þess að ná sem bestum skilningi á hvernig skólastarfið fer fram í grunnskólanum.



## **Mars**

### **- Foreldrakynning:**

Leik- og grunnskólar halda sameiginlegan foreldrafund í grunnskólanum þar sem fjallað er um starfið í grunnskólanum og hvernig skólarnir vinna að skólaskiptunum.

Foreldrum er sagt frá því hvernig samstarfið milli skólastiganna hafi gengið um veturinn og hvert framhaldið verður á því samstarfi fram að sumri. Grunnskólakennarar segja foreldrum frá því hvaða áherslur séu í fyrsta bekk og hvað börnin koma til með að gera.


### **- Heimsókn í leikskólann:**

Grunnskólabörn heimsækja leikskólann og fara á mismunandi svæði á leikskólanum, lista-, leir- og kubbavæði, bókahornið o.s.frv.

### **- Samráðsfundur fyrir vorskólann:**

Á fundinum er farið yfir skipulag vorskólans. Fundinn sitja leik- og grunnskólakennarar.

Vorskóli getur verið með misjöfnum hætti og spila margir þættir inn í, eins og hvort skólastofa sé laus í grunnskólanum og þá hvenær. Einnig þarf að skipuleggja tímann vel svo grunnskólakennarar hafi lausa stund til þess að taka á móti leikskólabörnunum.






## Apríl

### - Vorskóli:

Í vorskólanum tekur grunnskólinn á móti verðandi grunnskólabörnum. Börnin taka þátt í daglegu starfi grunnskólans, fara út í frímínútur og leysa ýmis skólaverkefni. Leikskólabörnin hafa aðgang að skólastofu þar sem þau geta unnið að skólaverkefnum. Grunnskólakennarinn stýrir kennslunni.

Leik- og grunnskólakennarar þurfa að finna út hvaða skólaverkefni henta þessum aldri og hversu mörg verkefni börnin eiga að gera. Spilar þá inn í hve lengi börnin eiga að vera í vorskólanum.



## **Maí**

### **- Heimsókn í skóladagvistun:**

Leikskólabörn heimsækja skóladagheimilið í fylgd leikskólakennara. Umsjónarmaður skóladagheimilisins tekur á móti börnunum og sýnir þeim aðstæður.

### **- Skilafundur:**

Á fundinum er gerð grein fyrir stöðu hvers og eins. Fundinn sitja foreldrar barnanna, leik- og grunnskólakennarar og sérkennarar.

### **- Matsfundur:**

Leik- og grunnskólakennarar hittast og meta hvernig samstarfið hafi verið yfir skólaárið og ákveða hvenær þeir ætla að hittast í ágúst þegar ný skólaönn byrjar.

Fyrir matsfundinn kemur sér vel að hafa skráð ítarlega niður hvað hefur gengið vel og hvað mætti betur fara svo endurmatið gagnist sem best.

## Samantekt

Þar sem handbókin er hugmyndabók fyrir leik- og grunnskólakennara að samstarfi milli skólastiganna þá segir hún ekki til um hvenær eða hvernig nákvæmlega eigi að framkvæma hvern þátt heldur býður upp á það að vera stuðningur í þeirri hugmyndavinnu sem fram fer á fyrsta fundi leik- og grunnskólakennaranna í ágúst.



## Heimildir

Jóhanna Einarsdóttir. 2007. Lítil börn með skólatöskur:

Tengsl leikskóla og grunnskóla. Reykjavík;

Háskólaútgáfan.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Menntamálaráðuneyti. (1997). Brúum bilið: *Rit um*

*tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík:

Höfundur.

Menntamálaráðuneyti. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*.

Reykjavík: Höfundur.

Menntamálaráðuneyti. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla*.

Reykjavík: Höfundur.